



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 1. desember 2020

Efni: Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030, 278. mál

Í fyrirliggjandi þingsályktunartillögu um menntastefnu til ársins 2030 (hér eftir „menntastefna“) kemur fram sú skýra stefna að setja menntun landsmanna í öndvegi enda öflugt menntakerfi undirstaða samkeppnishæfs atvinnulífs. Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“) fagna þeirri stefnu og taka undir mikilvægi þess að fjárfest sé í menntun landsmanna, þá sér í lagi í starfs-, iðn- og tækninámi.

Drög að menntastefnu þessari voru lögð í opið samráð í mars s.l. og birtust fjölmargar umsagnir um þau. Það er ánægjulegt að brugðist hefur verið við athugasemdum ólíkra hagaðila, sérstaklega til að skerpa á og einfalda alla uppsetningu menntastefnunnar. SI fagna því einnig að í innleiðingu menntastefnunnar, sem verður skipt í þrjú tímabil, er gert ráð fyrir að lögð verði fram innleiðingaráætlun ásamt aðgerðum og árangursmælikvörðum við upphaf hvers tímabils.

Í inngangi menntastefnunnar er talað um að framtíðarhorfur íslensku þjóðarinnar velti á samkeppnishæfni og sjálfbærni íslenska menntakerfisins. SI telur nauðsynlegt að auka hlutfall brautskráðra í svokölluðum STEM fögum hér á landi, en þar erum við eftirbátar þeirra þjóða í kringum okkur sem við viljum bera okkur saman við. Í menntastefnu SI kemur fram það markmið að hlutfall brautskráðra á háskólastigi í STEM greinum verði 25% árið 2025 og því ljóst að halda þarf vel á spöðunum ef það á að nást.

Í fjárlögum sem lögð voru fyrir haustið 2019 ákváðu stjórnvöld að forgangsraða fjármunum í menntamálum í þágu starfs-, iðn- og tæknináms enda hefur færnimisræmi á vinnumarkaði verið mikið og mikil umframeftirspurn eftir starfs-, iðn- og tæknimenntuðu fólki hér á landi. Leiðarljós menntastefnunnar er mannauðurinn og að vinna út frá styrkleikum hvers og eins í stað þess að fella alla í sama mót. Með það í huga sakna SI ítarlegri umfjöllunar um starfs- iðn- og tækninámi, sem var að finna í fyrri drögum menntastefnunnar. Ef til vill liggur skýringin í því að sum þeirra atriða sem reifuð eru í fyrri drögum hafa þegar, eða eru í þann mund að koma til framkvæmda.

SI er stoltur þátttakandi, auk Sambands íslenskra sveitarfélaga, í aðgerðaráætlun mennta- og menningarmálaráðherra sem byggir á þeirri forgangsröðun að fjölga starfs- og tæknimenntuðu fólki með því auka áhuga ungmenna á starfs- og tæknimenntun. Um er að ræða metnaðarfulla aðgerðaráætlun sem byggir á breiðu samráði við skólasamfélagið, þ.e. grunn-, framhalds, og háskóla, nemendafélög, náms- og starfsráðgjafa, Heimili og skóla og fleiri. Samtök iðnaðarins binda miklar vonir við að þau tilraunaverkefni sem ráðast á í, sem fela í sér kerfisbreytingar á starfsnámi, leiði til aukinnar aðsóknar í starfsnámi og þar með mæti því markmiði stjórnvalda að fjölga starfs- og tæknimenntuðu fólki.



Í menntastefnunni er lögð áhersla á að grunnskólanemendur fái kennslu í iðn- og tæknigreinum, að þeim verði veitt innsýn starfs-, iðn- og tækninám á framhaldsskólastigi og að námsleiðir sem bjóðast og starfsmöguleikar í kjölfar þeirra verði kynntar fyrir þeim með skipulögðum hætti. SI fagna þessu og þá sér í lagi því að náms- og starfsráðgjöf verði aðgengileg á öllum skólastigum og veitt af þar til bærum sérfræðingum. Það mun án efa draga úr brotthvarfi og styðja við atvinnuþátttöku.

Samkvæmt menntastefnunni eiga menntastofnanir sjálfar að bera ábyrgð á innra gæðamati en ráðuneyti og sveitarfélög á ytra mati. Ytra mat skal vera reglulegt og fylgt eftir með markvissum umbótastuðningi í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og annarra fræðsluaðila. SI leggja ríka áherslu á að samtarf menntakerfis og atvinnulífsins taki líka til samábyrgðar á framkvæmd og gæðum skólstarfs og tryggi aðkomu atvinnulífsins að því gæðamati.

SI hafa lagt áherslu á að nýsköpun sé leiðin út úr núverandi kreppu en, eins og kemur fram í menntastefnunni, þá kallar menntakerfi framtíðar ekki síður á aukna nýsköpun og vaxtarhugarfar, bæði hvað varðar uppbyggingu þess og kennsluaðferðir. Samvinna er lykilorð hér og þörf er á aðkomu fólks úr atvinnulífinu með fjölbreytta sérþekkingu við mótun menntakerfisins til að skapa hugvitsdrifið hagkerfi til framtíðar hér á landi. SI lýsa sig reiðubúin til samstarfs hér eftir sem hingað til.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Jóhanna Vigdís Arnardóttir', is written over a horizontal line.

Jóhanna Vigdís Arnardóttir,
verkefnastjóri á menntasviði SI.